

Fundur skólaráðs 14. október 2025 kl. 15.00 í Patreksskóla.

Mætt: Jónína Helga Sigurðardóttir Berg, Arna Margrét Arnardóttir (fulltrúi kennara), Helga Gísladóttir (fulltrúi nærsamfélagsins), Lilja Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra), Elín Dóróthea Þorleifardóttir (fulltrúi foreldra) og Sandra Lind Magnúsdóttir (varafulltrúi nemenda).

1. **Skipun fundarritara.** Jónína leggur til að Arna Margrét sé fundarritari á fundum ráðsins. Klappað fyrir því.
2. **Starfsáætlun Patreksskóla.** Jónína fer yfir starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2025 – 2026. Grunnskólar í Vesturbyggð eru með eins áætlanir eini munurinn á milli áætlanna liggur í starfsáætlun nemenda. Starfsáætlunina má finna á heimasíðu skólans.
3. **Heillaspor.** Jónína segir frá stefnunni/aðferðarfræðinni sem skólinn er á fullu að innleiða. Patreksskóli var einn af fyrstu skólum landsins til að hefja innleiðingu á þessari stefnu. Skólareglurnar verða uppfærðar í anda þessarar stefnu. Þeim þarf ekki að breyta mikið en meiri vinna verður í því að uppfæra afleiðingarnar við brot á reglunum. Starfsfólk skólans er búið að fara yfir reglurnar og afleiðingarnar og skila inn tillögum sem verða notaðar til hliðsjónar þegar þetta verður uppfært og endurskrifað.
4. **Foreldrafélag.** Rætt um foreldrafélag skólans. Finna þarf góða leið til að virkja foreldra betur til þátttöku. Aðalfundur félagsins verður 22. október n.k. kl 17.30. Þar sem margt verður rætt.
5. Önnur mál.
 - Lögreglan í heimsókn. Sagt frá því að lögreglan kom í heimsókn til nemenda á yngsta stigi og ræddi um ýmsar umferðareglur og mikilvægi þess að vera með hjálm þegar verið er að hjóla.
 - Jónína segir frá því að hún hefur óskað eftir öryggismyndavélum til að setja upp á skólalóðinni.

Fundi slitið kl. 16.00.

Fundarritari: Arna Margrét Arnardóttir.